

Sp.

141. Svar

[96. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Geirs Gunnarssonar um ráðstafanir til varnar mengun af völdum olíuleka frá eldsneytisgeymum bandaríska herliðsins á Keflavíkurflugvelli.

1. Hve mikið af olíu eða bensíni er geymt á tönkum á svæðum sem liggja svo nærri vatnsbólum Keflvíkinga og Njarðvíkinga að hættu geti stafað af ef leki verður úr tönkum með leiðslum?

Á eldsneytisgeymslusvæði varnarliðsins, vestan við Móahverfi í Ytri-Njarðvík, sunnan bæjarmarka Keflavíkur, eru nú geymdir 41 340 000 lítrar af flugvélaeldsneyti, 7 950 000 lítrar af gasolíu og 1 590 000 lítrar af bensíni.

2. Með hvaða hætti hefur verið fylgst með því að ekkert fari úrskaiðis og hvað brast í því eftirliti þegar 75 þúsund lítrar af olíu hafa runnið í jörðina að undanförmu?

Eldsneytismagn í geymum og leiðslum hefur verið mælt mánaðarlega og borið saman við birgðabókhald. Það er í samræmi við venjur hér á landi og víðast annars staðar. Þá hefur reglulega verið fylgst með ástandi leiðslna og geyma. Þannig hafa leiðslur að jafnaði verið þrýstiprófaðar í samræmi við staðal bandarísku Raunvísindastofnunarinnar (ANSI B31.3) með þrýstingi sem er 150% meiri en meðalþrýstingur í leiðslum af þessu tagi í daglegri notkun.

Sá leiðsluhluti, sem uppgötvaðist að olía hefði lekið úr, var síðast þrýstiprófaður hinn 7. apríl sl. og reyndist þá í fullkomnu lagi.

Þess ber að geta að leiðslan, sem grafin hefur verið upp vegna lekans, virðist með öllu óskemmd og enn er óljóst hvað hefur valdið tæringu á afmörkuðum stað þar sem gasolía rann út, en einnig er hugsanlegt að um málmsteypugalla sé að ræða.

3. Hver er hlutur íslenskra heilbrigðisyfirvalda eða annarra íslenskra aðila í eftirliti með geymslu eða mælingum á mengun vegna olíuleka á þessu svæði?

Heilbrigðisnefndir skulu samkvæmt lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, fylgjast með mengunarvörnum á viðkomandi eftirlitssvæði. Heilbrigðiseftirlit á varnarsvæðum er í höndum heilbrigðiseftirlits Suðurnesja samkvæmt samkomulagi við

sveitarfélög þar, en flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli greiðir þriðjung af rekstrarkostnaði þess. Vegna mannfæðar og fjölda knýjandi verkefna hefur mengunareftirlit á Keflavíkurflugvelli að mestu verið fólgið í eftirliti með teikningum af nýjum mannvirkjum þannig að tryggt sé að farið sé að íslenskum lögum. Heilbrigðiseftirlitið hefur ekki kannað ástand eldri mannvirkja enda eru ekki til nothæfar reglur eða staðlar um gerð eldsneytismannvirkja hér á landi.

Í lögum nr. 109/1984 er gert ráð fyrir að gefin verði út reglugerð um mengunarvarnir, en þessi reglugerð er enn ekki tilbúin. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur fylgst reglubundið með vatnsbólum í grennd við Keflavíkurflugvöll í samræmi við reglur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og í kjölfar olíumengunarslyssins voru sýni úr vatnsbólum Njarðvíkinga og Keflvíkinga send til Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfjafræði sem komst að þeirri niðurstöðu að enga gasolíu væri að finna í vatninu. Taka sýna og greining þeirra vegna slyssins heldur áfram meðan þörf krefur.

4. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að auka eftirlit með geymslu olíubirgða á þessu svæði?

Þegar eftir að grunur vaknaði um olíuleka á eldsneytisgeymslusvæði varnarliðsins kvaddi varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins saman sérstakan vinnuhóp til að samræma viðbrögð íslenskra aðila vegna slyssins. Þessi hópur hefur nú starfað um skeið og í ráði er að hann haldi áfram störfum eftir að brýnustu ráðstafanir hafa verið gerðar til að komast fyrir hugsanlega mengun. Honum verður ætlað að kanna nákvæmlega ástand mannvirkja og birgðahald á umræddu svæði í samvinnu við fulltrúa varnarliðsins þannig að álitserð fylgi í kjölfarið.

5. Hvenær má gera ráð fyrir að hugsanlegar orsakir mengunar og öll mengunarhætta af völdum geymslu á olíu eða bensíni í þágu bandaríska hersins á Keflavíkurflugvelli verði upprætt á þessu svæði?

Núverandi vatnsból Njarðvíkinga og Keflvíkinga verða aldrei að fullu örugg meðan mengun getur komist í grunnvatn á athafnasvæðum bandaríska flotans og íslenskra stofnana og fyrirtækja á Keflavíkurflugvelli. Hins vegar verður mengunarslys á við það sem nú er glímt við nánast óhugsandi þegar eldsneytisgeymslusvæðið við Helguvík verður að fullu tekið í notkun í byrjun næsta áratugar. Mengunarvarnabúnaður á svæðinu verður af fullkornustu gerð, meðal annars hvað varðar eldsneytisleiðslur. Gert er ráð fyrir að hver leiðsla verði lögð í aðra stærra og gasi undir þrýstingi dælt þar í millum. Sérstakt viðvörunarkerfi verður tengt svæðinu þannig að breytinga á þrýstingi í öryggisrýminu, t.d. vegna olíuleka, verður þegar vart.

Þess má geta að mengunarhættan var ein af meginástæðum þess að íslensk og bandarísk stjórnvöld ákváðu að ráðast í framkvæmdir við nýtt eldsneytisgeymslusvæði við Helguvík.